

Sjóvá – Ársuppgjör

2.723 m.kr. hagnaður og samsett hlutfall 95,8% á árinu 2022

12M 2022 og horfur fyrir árið 2023

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 1.930 m.kr. (12M 2021: 2.517 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 1.232 m.kr. (12M 2021: 7.830 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 2.723 m.kr. (12M 2021: 9.570 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 3,5% (12M 2021: 18,5%)
- Samsett hlutfall 95,8% (12M 2021: 90,9%)
- Horfur fyrir árið 2023 gera ráð fyrir að afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir skatta verði 2.100-2.600 m.kr. og samsett hlutfall 94-96%
 - Ekki verða birtar horfur fyrir afkomu af fjárfestingastarfsemi en áætlanir félagsins gera ráð fyrir að ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu nemi 8,5% á ári til lengri tíma miðað við núverandi vaxtastig og fjárfestingastefnu og án vaxtatekna af viðskiptakröfum
 - Ekki verður upplýst um frávik frá afkomu af fjárfestingarstarfsemi nema þær verði raktar til breytinga á óskráðum eignum eða verulegra breytinga á eignasafni

Fjórði ársfjórðungur 2022

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 853 m.kr. (4F 2021: 643 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 919 m.kr. (hagnaður 4F 2021: 1.698 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 1.567 m.kr. (4F 2021: 2.197 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 2,0% (4F 2021: 3,7%)
- Samsett hlutfall 90,9% (4F 2021: 91,4%)

Hermann Björnsson, forstjóri:

„Rekstrarniðurstöður fyrir árið 2022 endurspeglar sterkan grunnrekstur og vel ásættanlega afkomu af fjárfestingastarfsemi miðað við aðstæður en heildar hagnaður nam 2.723 m.kr. og samsett hlutfall var 95,8%. Hagnaður af váttryggingarekstri fyrir skatta nam 1.930 m.kr. og afkoma af fjárfestingastarfsemi nam 1.232 m.kr. fyrir skatta og var betri en vænta mátti þegar litið er til þróunar markaða almennt. Ávöxtunarkrafa skuldabréfa hækkaði og gengi hlutabréfa lækkaði. Jákvæð afkoma skýrist fyrst og fremst af sölu og gengisbreytingu óskráðra hlutabréfa.

Afkoma á fjórða ársfjórðungi nam 1.567 m.kr. en í váttryggingarekstrinum er um að ræða besta fjórða ársfjórðung fram til þessa í afkomu eða 853 m.kr. fyrir skatta og 90,9% samsett hlutfall. Skýrist þessi niðurstaða m.a. af góðum iðgjaldavexti sem nam 12% á milli ára og einstaklega góðs tíðarfars. Fjórðungurinn var tjónaléttur allt þar til í seinnihluta desember mánaðar, þegar frosthörkur og óveður tóku við. Afkoma fyrir skatta af fjárfestingarstarfsemi var einnig góð eða 919 m.kr. og 2% ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu.

Afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir árið 2022 verður að teljast afar góð þegar haft er í huga að í maí ráðstafaði Sjóvá, eitt tryggingafélaga, um 600 m.kr. til viðskiptavina í formi endurgreiðslu. Endurgreiðslan samsvarar fjárhæð eins mánaðar iðgjaldi lögboðinna ökutækjatrýgginga. Þetta er í annað sinn sem Sjóvá ráðstafar fjármunum til viðskiptavina sinna með þessum hætti. Ráðstöfunin hefur mælst afar vel fyrir hjá viðskiptavinum sem og öðrum og leitt af sér ný viðskipti og aukna tryggð núverandi viðskiptavina. Það ásamt áherslu okkar á afburða þjónustu um allt land hefur átt sinn þátt í því að afkoma af váttryggingastarfseminni er mjög góð þrátt fyrir að meðalhagnaði eins ársfjórðungs hafi verið ráðstafað beint til viðskiptavina.

Iðgjaldavöxtur nam tæpum 11% á árinu og styður sterk staða og ímynd félagsins við vöxtinn auk þess sem aukin umsvif í atvinnulífinu, einkum í ferðaþjónustunni, birtast í auknum iðgjöldum. Samhliða auknum umsvifum er tjónakostnaður að aukast eftir að hafa dregist saman á árunum 2020-2021, aðallega vegna heimsfaraldurs.

Af starfseminni eru margar ánægjulegar fréttir frá liðnu ári.

Sjóvá fékk viðurkenningu FKA og Jafnvægisvogarinnar sem veitt er þeim fyrirtækjum sem þykja skara fram úr í jafnréttismálum.

Í september kom fyrsta björgunarskip Landsbjargar af þrettán til landsins og var það afhent í Vestmannaeyjum við hátíðlega athöfn. Við hjá Sjóvá erum stolt og ánægð að hafa styrkt Landsbjörg um 142,5 m.kr. til kaupa á fyrstu þremur skipunum og að geta stutt Landsbjörg í þessu stóra og mikilvæga verkefni. Við höfum sem aðalstyrktaraðili um áratuga skeið átt afar traust og gott samstarf við Slysavarnarfélagið Landsbjörg og er okkur því sérstakt ánægjuefni að styðja við þeirra mikilvæga starf með þessum hætti og sinna um leið samfélagslegri ábyrgð okkar.

Í byrjun október hlaut Sjóvá verðlaunin umhverfisframtak ársins 2022 frá Samtökum Atvinnulífsins fyrir að huga vel að umhverfisáhrifum í starfsemi fyrirtækisins. Viðurkenningin laut annars vegar að notkun Innsýnar þar sem hægt er að skoða, leiðbeina og jafnvel afgreiða tjón í gegnum farsíma tjónþola. Eins og nærri má geta sparar þetta tíma og getur dregið úr umfangi tjóns auk þess sem hundruðir ekinna kílómetra sparast. Einnig var veitt viðurkenning fyrir notkun framrúðuplástra sem eykur möguleika á að hægt sé að gera við framrúður í bílum í stað þess að skipta þeim út. Við þetta sparast miklir fjármunir sem viðskiptavinir og samfélagið allt njóta góðs af. Við viljum nýta þau tækifæri sem við höfum til að bæta þjónustu okkar við viðskiptavini um leið og við hugum að umhverfinu og hagsmunum samfélagsins alls. Þetta fer yfirleitt vel saman, líkt og framrúðuplástursverkefnið og fjarskoðunarlausnin Innsýn sanna. Við lítum á þessa viðurkenningu sem hvatningu til að halda áfram af krafti á þessari braut.

Sjóvá mældist efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvuginni 2022, sjötta árið í röð, en ánægjuvugin mælir hversu ánægðir viðskiptavinir eru með þjónustu fyrirtækja í ýmsum atvinnugreinum. Marktækur munur er á milli Sjóvá og annarra tryggingafélaga auk þess sem ánægjan mælist sú mesta meðal fjármálafyrirtækja. Við erum afar þakklát fyrir að okkar viðskiptavinir séu þeir ánægðustu á tryggingamarkaði. Framúrskarandi þjónusta hefur um árabíl verið okkar leiðarljós, hvort sem þjónustan er veitt með stafrænum lausnum eða með beinum samskiptum í útibúum okkar um land allt. Það er jafnframt okkar sannfæring að ánægt starfsfólk sé forsenda þess að vera þjónustufyrirtæki í fremstu röð og leggjum við ríka áherslu á að hlúa að mannauði okkar og að viðhalda góðri fyrirtækjamenningu. Ánægjan er því öll okkar" segir Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvá.

Horfur fyrir árið 2023

Horfur fyrir árið 2023 gera ráð fyrir að afkoma af vátryggingastarfsemi fyrir skatta verði á bilinu 2.100-2.600 m.kr. og að samsett hlutfall verði á bilinu 94%-96%. Ekki verða birtar horfur fyrir afkomu af fjárfestingastarfsemi en áætlanir félagsins gera ráð fyrir að ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu nemi 8,5% á ári til lengri tíma miðað við núverandi vaxtastig og fjárfestingastefnu og án vaxtatekna af viðskiptakröfum. Ekki verður upplýst um frávík frá afkomu af fjárfestingarstarfsemi nema þær verði raktar til breytinga á óskráðum eignum eða verulegra breytinga á fjárfestingastefnu.

Við mat á horfum næstu 12 mánaða verður að hafa í huga að mikil óvissa ríkir um marga þætti sem haft geta áhrif á reksturinn, nægir þar að nefna verðbólgu með hækkandi verðlagi og launaliðum. Áframhald er á óvissu sem ríkir erlendis með mikilli verðbólgu, háu orkuverði og töfum á afgreiðslu íhluta.

Tillaga stjórnar um arð og ákvörðun um að hefja endurkaup eigin hluta

Arðgreiðslustefna félagsins miðar við að greiða að lágmarki 50% af hagnaði hvers ár til hluthafa í formi arðs að því gefnu að gjaldþol sé innan gjaldþolsviðmiða stjórnar. Samþykkt var á stjórnarfundi í dag að leggja til við hluthafafund að greiða út arð að fjárhæð 1.900 m.kr. eða 1,61 kr. á hlut.

Stjórn hefur tekið ákvörðun um að hefja kaup á eigin hlutum samkvæmt endurkaupaáætlun sem samþykkt var á aðalfundi 11. mars 2022.

Kynningarfundur 9. febrúar kl. 16:15

Markaðsaðilum og fjárfestum er boðið á kynningarfund í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð þann 9. febrúar kl. 16:15. Þar munu Hermann Björnsson forstjóri, Sigríður Vala Halldórsdóttir framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni og Þórður Pálsson forstöðumaður fjárfestinga kynna uppgjórið og fara yfir afkomu félagsins. Kynningunni verður jafnframt streymt á slóðinni <https://www.sjova.is/um-okkur/fjarfestar/afkomukynning-4f-2022/>.

Vilji aðilar bera upp spurningar má senda þær á netfangið fjarfestar@sjova.is fyrir fundinn eða á meðan á fundi stendur og verður þeim svarað í lok kynningarinnar.

Uppgjörsefni verður aðgengilegt á vef Sjóvár www.sjova.is/fjarfestar frá þeim tíma er kynningin hefst og verður upptaka af fundinum aðgengileg á sömu síðu að fundi loknum.

Fjárhagsdagatal

Aðalfundur 2023	10. mars 2023
1. ársfjórðungur 2023	31. maí 2023
2. ársfjórðungur 2023	31. ágúst 2023
3. ársfjórðungur 2023	26. október 2023
Ársuppgjör 2023	8. febrúar 2024
Aðalfundur 2024	7. mars 2024

Nánari upplýsingar

Meðfylgjandi er fréttatilkynning, ársreikningur samstæðunnar og fjárfestakynning Sjóvá-Almennra trygginga hf. vegna fjórða ársfjórðungs og ársuppgjörs 2022.

Í samræmi við lög birtir Sjóvá ársreikning á sameiginlegu rafrænu skýrslusniði (e. European Single Electronic Format eða ESEF) og má finna gildandi útgáfu ársreikningsins í meðfylgjandi .zip skrá.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Vala Halldórsdóttir í síma 844-2136 eða fjarfestar@sjova.is.

	4F 2022	4F 2021	%	12M 2022	12M 2021	%
Vátryggingastarfsemi						
Iðgjöld tímabilsins	7.064	6.295	12,2%	26.533	23.953	10,8%
Hluti endurtryggj. í iðgjaldatekjum	-335	-273	22,8%	-1.364	-1.025	33,1%
Eigin iðgjöld	6.729	6.023	11,7%	25.169	22.928	9,8%
Fjárfestingatekjur af vátryggingarekstri	175	69	-	675	223	-
Aðrar tekjur	93	83	12,2%	300	242	24,3%
Heildartekjur af vátryggingarekstri	6.997	6.175	13,3%	26.144	23.392	11,8%
Tjón tímabilsins	-4.891	-4.254	15,0%	-20.137	-16.556	21,6%
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	82	136	-39,5%	713	249	-
Eigin tjón	-4.808	-4.118	16,8%	-19.423	-16.307	19,1%
Rekstrarkostnaður af vátryggingarekstri	-1.335	-1.414	-5,6%	-4.791	-4.568	4,9%
Heildargjöld af vátryggingarekstri	-6.144	-5.532	11,1%	-24.214	-20.875	16,0%
Hagnaður af vátryggingarekstri	853	643	32,7%	1.930	2.517	-23,4%
Fjárfestingastarfsemi						
Fjárfestingatekjur af fjárfestingastarfsemi	1.006	1.848	-45,6%	1.520	8.161	-81,4%
Tæknil. vaxta- og gengisbr.vátryggingask.	13	-25	-	143	99	43,9%
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	-100	-126	-20,1%	-431	-431	0,0%
Hagnaður af fjárfestingastarfsemi	919	1.698	-45,9%	1.232	7.830	-84,3%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.772	2.340	-24,3%	3.161	10.347	-69,4%
Tekjuskattur	-205	-143	42,9%	-438	-778	-43,6%
Heildarhagnaður tímabilsins	1.567	2.197	-28,7%	2.723	9.570	-71,5%
Tjónahlutfall	69,2%	67,6%		75,9%	69,1%	
Endurtryggingahlutfall	2,7%	1,3%		1,8%	2,7%	
Kostnaðarhlutfall	18,9%	22,5%		18,1%	19,1%	
Samsett hlutfall	90,9%	91,4%		95,8%	90,9%	
Rekstrarhlutfall	88,3%	90,3%		92,9%	89,6%	
Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundv.	27,3%	38,5%		11,9%	41,9%	
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundv.	30,9%	41,0%		13,8%	45,3%	
Hagnaður á hlut	1,32	1,73		2,28	7,34	
Niðurstaða endurtrygginga	-193	-84		-489	-658	
Vátryggingaskuld	37.866	33.341		37.866	33.341	
Heildareignir	68.570	67.856		68.570	67.856	
Eigið fé	21.507	24.339		21.507	24.339	
Gjaldþolshlutfall	1,41	1,41		1,41	1,41	
Lágmarksfjármagnshlutfall	3,49	4,07		3,49	4,07	

Fjárhæðir eru í milljónum króna

Samstæðuársreikningur Sjóvár fyrir árið 2022 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 9. febrúar 2023